

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir

Afboða, mæta ekki : Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála Oddur Örnólfsson, Elsa María Guðmundsdóttir

Fundur 25.10.2022 settur kl. 18.30

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Bréf vegna ÍM 25 hefur verið sent út en mótið verður haldið í Ásvallalaug 18-20. nóvember. Skráningafrestur er til 2. nóvember. Upplýsingar eru einnig á heimasíðu SSÍ
- b. Komið hefur upp atvik í samskiptum SSÍ við aðila innan ÍBR sem stjórn SSÍ tekur mjög alvarlega. Farð var yfir málsatvik. Formaður stjórnar mun taka málið áfram.
- c. Samþykktar hafa verið reglugerðabreytingar vegna mótamála og búið að prófarkalesa þær og yfirfara. Reglugerðabreytingarnar eru komnar inn á heimasíðu SSÍ og hafa verið sendar á hreyfinguna.
- d. Ingibjörg Kristín Jónsdóttir mun taka að sér að vinna úr stefnumótun mótamála sem haldin var innan stjórnar í september. Þetta verður gert samhliða þeim mótum sem haldin verða til áramóta.
- e. Ingibjörg Kristín og Leifur Guðni voru með stutta kynningu á því sem er að gerast í mótamálum hjá okkur og kynntu m.a tillögur að nýju lógói fyrir nýja „RISM“ mótið.
- f. Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri og stjórnarmaður í SSÍ hélt stutta kynningu á kerfi sem er í smíðum í kringum mótamál og öll helstu upplýsingamál SSÍ. Þetta kerfi býður upp á mikla möguleika og einfaldar alla vinnu mikið og kallar ekki á endurteknar innskráningar innan hreyfingarinnar. Kerfið er öllum opið og hægt að aðgangsstýra því eftir þörfum. Samþykkt var að halda þessari vinnu áfram.
- g. Boðaður hefur verið fyrsti fundur varðandi smíði á heimasíðu sem tengist reyndar mjög þeim lið sem fjallað eru um hér að ofan. Fundurinn verður í byrjun nóv og þar munu Formaður, framkvæmdastjóri og mótastjóri hittast
- h. ÍSÍ ætlar í samvinnu við SSÍ að fara aftur í landsátakið „Syndum“ sem haldið var með góðum árangri 2021. Átakið mun fara fram 1.-30. nóvember n.k og verður kynnt í öllum sundlaugum landsins og með umfjöllun og auglýsingum. Átakið verður sett með formlegum hætti í Laugardalslaug þann 1. nóv n.k
- i. Mannvirkjanefnd er langt komin með að setja upp skýrslu sem á að vera leiðbeinandi fyrir bæjarfélög og aðra sem eru að byggja og eða breyta sundlaugamannvirkjum. Í skýrslunni eru listað upp hvað þarf til að viðkomandi sundlaug standist lágmarkskröfur til sundkennslu, æfinga og keppni í sundi. Send hefur verið út þarfagreining til aðila innan sundhreyfingarinnar þar sem beðið eru um álit á hinum ýmsu liðum sem koma að mannvirkjum. Hörður Oddfríðarson mun lesa skýrsluna yfir og fara yfir þá punkta sem borist hafa.

- j. SH, KR og Ármann hafa komið sér saman um að mæta sameinuð til leiks undir í keppni í Waterpolo. Fundað verðu með þeim í vikunni og þeirri vinnu haldið áfram að gera Waterpolo að keppnisgrein hér á landi undir merkjum SSÍ og hvernig næstu skref verða tekin varðandi þjónustugjöld, keppnir o.sfrv

3. Afreksmál

Sundárið er komið á fullt og fyrsta keppnisverkefnið yfirstaðið. Mikið er framundan hjá landsliðshópum okkar, eins og sjá má á þessu.

- World Cup í Berlín dagana 21. – 23. Október. Átta manna hópur frá Íslandi tók þátt í þessu sterka og skemmtilega verkefni. Lagt var af stað fimmtudagsmorgun 20.okt og heimkoma seinnipart mánudags, 24.okt Árangurinn var góður, þar sem bætingar voru í yfir helming sunda og tvönn unglíngamet voru slegin. Þjálfarar sátir með verkefnið í heild sinni.
 - Sundfólk: Birnir Freyr, Daði Björns, Einar Margeir, Freyja, Símon Elías og Steingerður Hauksdóttir.
 - Þjálfarar: Eyleifur og Hrafnhildur
- Verkefni framundan
 - World Cup í Toronto dagana 28. – 30. október. Anton Sveinn mun keppa á þessu móti og verður Eyleifur með í för.
 - World Cup í Indianapolis 3. – 5.nóvember. Hér mun Anton Sveinn, Jóhanna Elín og Patrik Viggó keppa og verður Eyleifur með í för.
 - Norðurlandamótið fer fram í Bergen daganan 10. – 12. desember. Hægt er að ná lágmarkum fyrir mótið frá 28. október til 20. nóvember. Brottför er 8. Des og heimkoma 13. des. Mótið fer fram núna laugardag- mánudags.
 - Heimsmeistaramótið í 25m laug fer fram í Melbourne frá 13. – 18. Desember. Brottför verður 2. Desember og heimkoma þann 20. Desember. Ísland mun taka þátt í norrænum æfingabúðum í Melbourne fyrir mótið frá 4-10.des. Anton og Snæfríður munu taka þátt, en síðasti möguleiki til að bætast í hópinn er á Extramóti SH um helgina.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Skýrsla frá þingi LEN sem haldið var í Antalya í Tyrklandi 21-22. Okt 2022. Formaður fór yfir það helst úr skýrslunni.
- Fundur dómara nefndar nr. 111. Farið var yfir fundargerð.

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Halldór Björn Kristinsson	Fjölnir	KR	22.09.2022	21.10.2022
Hringur Birgir Kristinsson	Fjölnir	KR	22.09.2022	21.10.2022
Kristján Helgi Jóhannesson	Fjölnir	KR	22.09.2022	21.10.2022
Katrín Lóa Ingadóttir	Óðinn	Ármann	25.09.2022	24.10.2022
Ingvar Orri Jóhannesson	KR	UMFA	26.09.2022	25.10.2022
Herdís Birna Viggósdóttir	KR	UMFA	26.09.2022	25.10.2022

Samþykkt

6. Staðfesting meta

25metra laug

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Einar Margeir Ágústsson	ÍA	00.27,94	22.október	Berlín
50m bringusund	Daði Björnsson	SH	00.27,61	22.október	Berlín

Staðfest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
23.09.2022	Vegna stöðu Úkraínu	ÍSÍ
26.09.2022	LEN FEDERATION NEWSLETTER	LEN
26.09.2022	LEN program Congress Antalya	LEN
25.10.2022	Fyrri fundarboð formannafundur	ÍSÍ

8. Önnur mál:

- SSÍ hefur sent inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks.
- SSÍ barst ítrekun á bréfi frá Trans samtökunum um hvort að við gætum gefið þeim aðgang að skýrslu sem FINA lagði til að þinginu í sumar þar sem Trans samþykkt var að Trans-konum var bannað að keppa í kvennaflokki á HM í sundi en heimild þátttaka í opnum flokki og skoðað að gera sér flokk. Eftir að hafa ráðfært sig við aðila innan FINA telur SSÍ að okkur sé ekki heimilt að upplýsa um innihald skýrslunnar en munum gefa Trans-samtökunum hvert á að setja sig í samband innan FINA.
- Komið hefur upp hugmynd meðal nokkura sérsambanda að sameinast með aga- og siðamál. Framkvæmdastjóra var gefin heimild til að halda þeirri vinnu áfram.
- Fyrir fundinum lá beiðni frá aðilum um að vera með kynningar fyrir sundfólk á Bandarískum háskólum á ÍM25. Stjórnarmenn skiptust nánast í tvennt í afsöðu sinn og var henni því hafnað þar sem um meistaramót er að ræða.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.00